

Starfsáætlun Höfuð- Borgarinnar 2023- 2024.docx

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir

Efnisyfirlit

1.	Hagnýtar upplýsingar.....	3
2.	Dagatal Höfuð-Borgarinnar	4
1.	Viðburðir í vetur.....	5
3.	Samstarf við félagsmiðstöðvar	6
4.	Samstarf við velferðarsvið	6
5.	Samstarf við aðra aðila.....	6
4.	Hópastarf.....	7
1.	Kvöldstarf Höfuð-Borgarinnar	7
2.	Sumaropnun í Höfuð-Borginni	8
5.	Ráð ungmenna í Höfuð-borginni	9
6.	Samstarf við foreldra/forsjáraðila	9
7.	Verkferlar	10
8.	Ytra og innra mat	11
1.	Ytra mat.....	11
2.	Innra mat	11
9.	Símenntunaráætlun	11
10.	Listi yfir starfsfólk og starfsheiti.....	12

1. Hagnýtar upplýsingar

Höfuð-Borgin er sértæk félagsmiðstöð fyrir ungmenni á aldrinum 16.-20. ára. Höfuð-Borgin er ætluð ungmendum með fötlun sem lögheimili hafa í Kópavogi. Höfuð-Borgin er staðsett í Fannborg 2 á fyrstu hæð hússins. Fjöldi skráðra ungmenna eru sautján en mismunandi er hve mörg sækja starfið á hverjum degi, mest erum við með fimmtán og fæst ellefu. Forstöðukona Höfuð-Borgarinnar er Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir. Símanúmer er 441-9395/825-5913 og netfangið er brynhildurbk@kopavogur.is.

Opið er í Höfuð-Borginni alla virka daga frá 12:00-17:00. Boðið er upp á dagopnanir á skipulagsdögum, vetrarfríum og jóla- og páskaleyfum menntaskólanna og er þá opið frá kl. 08:00-17:00. Skrá þarf ungmennin sérstaklega þessa daga og þarf það að berast til forstöðukonu þremur virkum dögum fyrir áætlaða dagopnun, senda þarf annað hvort tölvupóst eða berast símleiðis. Einnig býður Höfuð-Borgin upp á kvöldstarf og er það í gangi annan hvern fimmtudag en er markmiðið á næstu mánuðum að fjölga þeim opnunum. Kvöldstarfið er frá kl. 19:30-22:00 og hefur ásókn aukist til muna frá fyrstu opnun.

2. Dagatal Höfuð-Borgarinnar

Fyrir áramót			Eftir áramót		
Dagsetning	Viðburður	Aðrar uppl.	Dagsetning	Viðburður	Aðrar uppl.
18.08.23	Starfsmannafundur	Tekið á móti nýjum starfsmönnum, farið yfir það helsta	01.01.24	Nýársdagur	Lokað
21.08.23	Fyrsta opnun		02.01.24-04.01.24	Jólafrí	Dagopnanir
23.08.23	Velkomin til starfa	Tekið á móti nýjum starfsmönnum	08.01.24	Starfsmannafræðsla	Kvöld
25.08.23	Velkomin til starfa		12.01.23	Starfsmannafundur	Farið yfir það helsta
08.09.23	Starfsmannafundur	Kynning á verkferlum	26.01.24	Starfsdagur FB	Dagopnun
29.09.23	Starfsdagur FB	Dagopnun	05.02.24	Starfsmannafræðsla	Kvöld
29.09.23	Starfsmannafundur	Farið yfir það helsta	09.02.24	Starfsmannafundur	Farið yfir það helsta, skipulag dagopnanir
02.10.23	Forvarnarvika	Fræðsla fyrir starfsfólk	16.02.24-23.02.24	Vetrafrí	Dagopnanir
13.10.23	Starfsmannafundur	Fræðsla um flogaveiki, skipulag dagopnanna	01.03.24	Starfsdagur FB	Dagopnun
16.10.23	Félagsmiðstöðvar- og ungmennahúsavika		04.03.24	Starfsmannafræðsla	Kvöld
31.10.23	Halloween ball	Búningapartý í Höfuð-Borginni	21.03.24	Dagur downs-heilkennis	Allir mæta í litríkum sokkum
23.10.23-31.10.23	Hautfrí menntaskóla	Dagopnanir	22.03.24	Starfsmannafundur	Farið yfir það helsta, skipulag dagopnanir
01.11.23	Nordic Youth Month		25.03.24-27.03.24	Páskafri menntaskóla	Dagopnanir
03.11.23	Starfsmannafundur	Farið yfir það helsta, skipulag dagopnanna	28.03.24-29.03.24	Páskar	Lokað
06.11.23	Starfsmannafræðsla	Kvöld	01.04.24-02.04.24	Páskafri menntaskóla	Dagopnanir
06.11.23-14.11.23	Spannarlok FG	Dagopnanir	02.04.24	Dagur einhverfu	Allir mæta í einhverju bláu
08.11.23	Baráttudagur gegn einelti		25.04.24	Sumardagurinn fyrsti	Lokað
20.11.23	Dagur mannréttindi barna		26.04.24	Starfsdagur FÁ	Dagopnun
01.12.23	Starfsmannafundur	Farið yfir það helsta og skipulag dagopnanir	29.04.24-30.04.24	Starfsdagur FB	Dagopnanir
06.12.23-29.12.23	Jólafrí	Dagopnanir	09.05.24	Uppstigningardagur	Lokað
22.12.23	Jólaball		13.05.24-17.05.24	Starfsmannaferð	Lokað
25.012.23	Jóladagur	Lokað	20.05.24	Annar í hvítasunnu	Lokað
26.12.23	Annar í jólum	Lokað	21.05.24-31.05.24	Sumarfrí menntaskóla	Dagopnanir

Í dagatali Höfuð-Borgarinnar eru upplýsingar um dagopnanir og skerta daga fram að sumri, ásamt upplýsingum um starfsmannafræðslu fyrir starfsmenn. Einnig er búið að setja inn viðburði sem áætlað er að gera með ungmennunum í starfinu fram að áramótum. Dagatalið er sett upp út frá dagatölum menntaskólanna sem ungmenni Höfuð-Borgarinnar sækja. Því er ávallt fyrirvari um breytingar ef ske skildi að skólarnir breyti sínu dagatali.

3. Starfið í vetur

Höfuð-Borgin býður upp á jákvætt og sveigjanlegt umhverfi fyrir ungmenni. Markmið Höfuð-Borgarinnar er að ungmennin velji sér að koma hingað í stað þess að vera ein heima hjá sér. Þannig drögum við úr félagslegri einangrun ungmenna. Lýðræði er stór partur af okkar starfi og því mun hvert og eitt ungmenni setja vikuna sína upp í samráði við starfsmenn og/eða forstöðukonu, þannig er verið að hvetja þau að taka virkan þátt í eigin lífi og hugsa hvar áhugasvið þeirra liggur.

Markmið okkar er að geta boðið upp á fjölbreytt starf og er því búið að hafa samband við mögulega samstarfsaðila sem vilja aðstoða okkur í að bjóða upp á fjölbreytni. Höfuð-Borgin er til dæmis í góðu samstarfi við Tennishöllina þar sem hægt er að mæta og taka nokkra leiki og fá mikla og góða hreyfingu ásamt því er gott samstarf við Kópavogslaug. Einnig er verið að vonast eftir því að Höfuð-Borgin geti boðið upp á atvinnutilboð fyrir ungmennin en þá er miðað við að ungmennin séu að vinna einu sinni í viku og afla sér þannig reynslu á vinnumarkaði í jákvæðu og sveigjanlegu umhverfi.

1. Viðburðir í vetur

Viðburðir eru allir ræddir með fyrirvara á ungmennaráðsfundum. Flestir stærri viðburðir verða á kvöldin þar sem þau ungmenni sem áhuga hafa á viðburðunum geta komið og tekið virkan þátt. Einungis hefur verið rætt hvaða viðburðir verða á dagskrá fyrir áramót og eru þetta þeir helstu:

- Lan-mót
- Eldamennskudagur
- Halloween dagur
- Jóladagur

Einnig langar ungmennum Höfuð-Borgarinnar að vera duglegri að taka þátt í viðburðum Samfés fyrir 16+ ásamt því að fara með í ferðir á vegum Kópavogsbæjar eins og til dæmis skíðaferð sem félagsmiðstöðvar og Molinn miðstöð unga fólksins fara í.

2. Samstarf við skóla

Samstarf við viðeigandi aðila í framhaldsskólum ungmennanna er reglulegt og mjög jákvætt. Forstöðukona situr teymisfundi hjá ungmennum sem nauðsynlegt er. Einnig er samstarf við sérdeildir grunnskólanna mjög mikilvægt. Höfuð-Borgin á að vera sýnileg öllum sem réttindi hafa og þess vegna er mikilvægt að samskiptin við grunnskólana sé jákvætt og reglulegt. Samskiptin við grunnskólana verða meiri eftir því sem líður á veturinn en forstöðukona og 70% starfsmaður munu kynna starfið inn á öllum sérdeildum fyrir útskriftarnemendum og foreldrum eða forsjáraðilum þeirra.

3. Samstarf við félagsmiðstöðvar

Lagt verður mikill metnaður í því að samstarf við félagsmiðstöðvar sé reglulegt. Ungmennin okkar eru of gömul til þess að sækja félagsmiðstöðvarstarf skólanna en hins vegar viljum við í Höfuð-Borginni byggja upp félagsmiðstöðvarmenningu og því er mikilvægt að vera í samskiptum við reynda forstöðumenn á vettvangi frítímans og aðra starfsmenn. Starfsmaður í 70% starfshlutfalli sem sér um kvöldstarfið okkar verður í nánum og góðum samskiptum við félagsmiðstöðvarnar til þess að fá hugmyndir af góðri dagskrá fyrir kvöldstarfið sem Höfuð-Borgin býður upp á. Einnig er forstöðukona í reglulegum samskiptum við forstöðumenn félagsmiðstöðva til þess að bjóða upp á fjölbreytni og faglegt starf þar sem auðvelt aðgengi er að reyndu og faglegu fólki.

4. Samstarf við velferðarsvið

Höfuð-Borgin er í nánu samstarfi við ráðgjafa ungmennanna sem og ferðaþjónustu Kópavogs. Einnig eru mikil og jákvæð samskipti við barnavernd og er auðvelt aðgengi að þeim ef starfsmenn Höfuð-Borgarinnar þurfa ráð varðandi ungmenni og fjölskyldur þeirra.

5. Samstarf við aðra aðila

Búið er að tryggja samstarf við Molann Miðstöð unga fólksins þar sem skipulagðar heimsóknir Höfuð-Borgarinnar í Molann verði í þeim tilgangi að kynna starfsemina fyrir þeim ungmennum sem gætu líka nýtt sér þá þjónustu. Einnig er samstarf við Hrafninn mjög mikilvægt þar sem ungmennin sem eru að útskrifast úr Hrafninum gætu komið í Höfuð-Borgina og er nauðsynlegt að hafa rauðan þráð í gegnum Hrafninn og inn í Höfuð-Borgina svo að yfirfærslan fyrir ungmennin sé eins vandalaus og hægt er. Samstarf við Tennishöllina hefur haft mjög jákvæð áhrif á starf Höfuð-Borgarinnar og andlega og líkamlegu heilsu ungmenna, því samstarfi verður haldið áfram eins lengi og hægt er. Samstarf við Kópavogslaug er einnig mjög mikilvægt þar sem mörgum af ungmennunum líður vel í vatni og vilja ávallt fara a.m.k. tvisvar sinnum í

mánuði í sund. Einnig erum við að vonast eftir því að þróa samstarf við mismunandi starfsstaði fyrir ungmennin þegar líður á veturinn en við verðum að sjá hvað verður úr því.

4. Hópastarf

Hópastarf er mikilvægur þáttur þegar kemur að vinnu með einstaklingum sem frávik hafa í félagsþroska. En mörg okkar ungmenni eiga erfitt með félagslega aðstæður. Mikilvægt er að hafa hópastarfið lítið og hnitmiðað en mörg ungmennin þola illa læti og margmenni. Mörg rými eru í Höfuð-Borginni og því er hægt að skipta niður í smærri hópa og vinna ítarlega með hvern hóp í einu.

Verkefnin sem hópunum eru falin verða ávallt tekin fyrir á ungmennaráðsfundi þar sem rætt er hvað ungmennin vilji vinna að. Til dæmis verður í boði tölvuhópur, föndurhópur og eldamennskuhópur og geta ungmennin skráð sig að taka virkan þátt í þessum verkefnum yfir hvern mánuð. Ungmennin velja sér eitt verkefni til að sinna af hverju sinni en allir þurfa að taka virkan þátt. Ef nauðsynlegt er að setja af stað annars konar hóp til að aðstoða við frumkvæði og að taka virkan þátt þá verður það gert. Ungmennin er eins mismunandi og þau eru mörg og sum þurfa mikinn stuðning til að taka virkan þátt, tekið verður á þessu ef þess þarf.

1. Kvöldstarf Höfuð-Borgarinnar

Kvöldstarfið hjá Höfuð-Borginni er eins og staðan er í dag aðeins annan hvern fimmtudag frá 19:30-22:00 og eru ávallt þrír starfsmenn á vakt. Ungmennin eru á aldrinum 16.-25. ára en ákveðið var að hækka aldurinn í 25. ára svo hægt væri að taka við þeim ungmönnum sem eru orðin of gömul til að sækja dagsstarfið en hafa enn aldur í að sækja sumarstarfið og núna kvöldstarfið. 70% starfsmaður Höfuð-Borgarinnar sér um kvöldstarfið og öllu sem því kemur við. Dagskrá er ávallt gerð í samráði við ráð ungmenna eða þau ungmenni sem áhrif vilja hafa á kvöldstarfið. Kvöldstarfið býður upp á fleiri möguleika en dagstarfið og verður til dæmis boðið upp á skemmtilega viðburði líkt og böll, bingókvöld og skipulag á dagskrá kvöldstarfsins. Viðburðir sem eru á döfnni á kvöldopnunum eru til dæmis lazertag ferð í Smáratívolí, Halloween ball, jólaball, páskaeggjaleit, andvökunótt o.fl.

Á kvöldin eru aðeins þrír starfsmenn og þau ungmenni sem vilja sækja kvöldstarfið en þurfa meiri stuðning verða því að mæta með hann sjálf, þannig er verið að sporna gegn því að neikvæð hegðun hafi mikil áhrif á kvöldstarfið í heild sinni en samt sem áður geti þau sótt starfið. Einnig er þetta gert svo að þau ungmenni sem umönnun eða aðrar þjónustufarir þurfa geti sótt starfið og fengið viðeigandi stuðning.

Kvöldstarfið fékk 200.000 þúsund króna styrk frá Forvarnarsjóði Kópavogs til þess að bjóða upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf. Það hefur strax sýnt sig og sannað að fjármagnið er nauðsynlegt og að það geti verið inn í fjárhagsáætlun til framtíðar.

Hér má sjá kvöldopnanir fram að áramótum og fjöldatölur þau kvöld sem hafa verið hingað til.

Mánaðardagur	Fjöldi
7.sep.23	10
21.sep.23	14
5.okt.23	11
19.okt.23	
2.nóv.23	
16.nóv.23	
7.des.23	
21.des.23	

Strax er hægt að sjá aukningu á þátttöku milli opnanna og gaman er að segja frá því að þó nokkur fjöldi sækir kvöldstarfið sem eru á aldrinum 20-25 ára. Þegar fyrsta kvöldopnun fór í loftið í nóvember 2022 voru aðeins 4 þátttakendur svo við höfum náð tíu nýjum ungmennum inn.

2. Sumaropnun í Höfuð-Borginni

Höfuð-Borgin hefur lengi boðið upp á sumaropnun fyrir ungmenni með fötlun á aldrinum 16-25 ára. Á sumrin er Höfuð-Borgin atvinnu- og frístundatilboð fyrir ungmennin en þá eru þau í vinnu frá kl. 09:00-12:00 og síðan í mismunandi afþreyingu frá kl. 13:00-16:00 en opið er til kl. 17:00 en dagskrá líkur kl. 16:00. Þau ungmenni sem stuðning þurfa í starfi geta fengið hann og kemur þá starfsmaður á vegum Höfuð-Borgarinnar með ungmennunum á vinnustað og veitir aðstoð ef þess þarf. Ungmennin fá að velja á milli mismunandi vinnustaða en í ár voru í boði sjö mismunandi vinnustaðir sem ungmennin skráðu sig sjálf á í byrjun hverrar viku.

Afþreyingin eftir hádegi var fjölbreytt. Farið var reglulega í sund og á Bókasafn Kópavogs, ásamt því að fara í bíó, Fótboltaland og lazertag svo eitthvað sé nefnt. Hugmyndir sem þessar komu frá ungmennunum sjálfum en þegar farið var í álíka afþreyingu borguðu ungmennin sjálf. Ásamt því var alls konar áhugavert sem gert var innanhúss eins og til dæmis, sápugetð, brjóstsykursgetð, tie dye o.fl. sem ungmennin voru mjög sátt með.

Ásamt því að geta fengið stuðning í starfi er boðið upp á þann valmöguleika að ungmennin séu sjálfstæð í starfi. Virkar það þannig fyrir sig að forstöðukona finnur viðeigandi starfsstað fyrir

ungmennin í samstarfi við þau og/eða foreldra/forsjáraðila og eru ungmennin á launaskrá frá Höfuð-Borginni en sjá að öðru leiti um sig sjálf. Þetta er góð aðlögun fyrir ungmennin að finna sér vinnu eftir að sumri lýkur, fyrir þau ungmenni sem geta unnið sjálf og eru að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum. Nokkur ungmenni hafa unnið í Höfuð-Borginni fyrst um sinn með stuðning, því næst sjálfstæð í starfi og endað á að finna vinnu í gegnum sumarstarf Höfuð-Borgarinnar, sem er einmitt markmiðið. Sumarstarfið er skemmtilegt og mikilvægt starf fyrir ungmenni með fötlun, þau afla sér reynslu og þekkingu á mismunandi vinnustöðum ásamt því að vera í félagslegri styrkingu.

5. Ráð ungmenna í Höfuð-borginni

Búið er að setja á laggirnar ráð ungmenna sem kemur að öllu skipulagi starfsins. Í Höfuð-Borginni geta öll þau ungmenni sem áhuga hafa setið fundi og vinna í samstarfi við starfsmann ráðsins, setja upp dagskrá, hafa áhrif á matarinnkaup og stærri innkaup sem eru á döfinni. Ráðið kemur einnig með hugmyndir að skipulagi á kvöldstarfinu sem er í boði tvisvar sinnum í mánuði. Ráð sem þetta er mikilvægt svo ungmennin finni fyrir því að skoðanir þeirra skipti máli og þau hafi áhrif á starfið í heild sinni. Einnig dregur þetta fram frumkvæði og lætur ungmennin hugsa hvar þeirra áhugasvið liggur. Fram hefur komið á fundi ungmenna að fjölga þurfi kvöldopnunum og eru starfsmenn að skoða þann möguleika á næstu mánuðum í samvinnu við yfirmenn málaflokksins.

Ráð ungmenna í Höfuð-Borginni er nýlegt og er því enn á miklu frumstigi, framtíðarmarkmið er að ungmennin hafi lært um lýðræði og að þeirra skoðanir hafi áhrif og vilji í framtíðinni sitja stærri ungmennaráðsfundi t.d. hjá Samfés og hafa áhrif á ungmennastarf á landsvísu.

6. Samstarf við foreldra/forsjáraðila

Haldin var fundur með foreldrum/forsjáraðilum í byrjun skólaársins og farið yfir það helsta sem foreldrar/forsjáraðilar þurfa að hafa í huga þegar kemur að starfinu. Haldinn verður annar fundur eftir áramót, helst til þess að að koma á framfræi hvaða árangri starfið hefur náð fyrir áramót og ef það eru þættir sem þau vilja benda á að við gerum betur. Einnig er mikilvægt að foreldrar/forsjáraðilar hitti starfsfólk og aðra foreldra.

Samskipti við foreldra/forsjáraðila er mikilvægt og jákvætt. Foreldrar/Forsjáraðilar hafa auðvelt aðgengi að forstöðukonu Höfuð-Borgarinnar en allir eru með tölvupóstfang og símanúmer Höfuð-Borgarinnar. Mikilvægt er að samskipti séu jákvæð svo að

foreldrar/forsjáraðilar treysti starfsmönnum og starfinu fyrir ungmennunum á meðan viðveru þeirra stendur. Sendur er vikulegur póstur um dagskrá starfsins svo foreldrar/forsjáraðilar og ungmenni viti hvað sé á döfinni. Höfuð-Borginni er einnig með síðu Instagram þar sem koma allar helstu upplýsingar koma fram um dagskrá og viðburði.

7. Verkferlar

- **Verkferlahandbók frístundadeildar**

Í henni má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar

- **Neyðaráætlun**

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni

- **Móttaka nýrra starfsmanna**

Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.

- **Öryggisgátlisti**

Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.

- **Handbók um starfið**

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

- **Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)**

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við húsvörð og upplýsir starfsfólk.

- **Gátlistar vegna sértæks hópstarfs**

Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.

8. Ytra og innra mat

Hér verður farið yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að hafa þegar kemur að ytra og innra mati starfsins í Höfuð-Borginni.

1. Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

2. Innra mat

Stöðufundur verður haldin aðra hverja viku á meðan enn er verið að taka við nýju starfsfólki þar sem farið er yfir gang mála, eftir óákveðin tíma verður vegið og metið hvort nauðsynlegt sé að hafa fund á tveggja vikna fresti eða hvort nóg sé að hafa fund einu sinni í mánuði. Á starfsmannafundum fáum við einnig fræðslu sem við kemur starfinu og aðstoða starfsmenn að gera starfið faglegra. Mikilvægt er að hafa reglulega fundi svo að allir starfsmenn séu vel upplýstir um þau mál sem eru í gangi að hverju sinni.

Lögð verður könnun fyrir ungmennin sem sækja þjónustuna. Um er að ræða almenna þjónustukönnun þar sem ungmennin meta árangur og ánægju starfsins hjá Höfuð-Borginni. Ásamt því verða mánaðarlegir ungmennaráðsfundir sem ýta undir frumkvæði og lýðræði í starfinu.

9. Símenntunaráætlun

Nauðsynlegt er að hafa a.m.k. einn starfsdag á hvorri önn og er miðað við að dagurinn byrji þá kl. 08:00 og ljúki kl. 13:00 þegar ungmennin koma. Þessir dagar eru nýttir til fræðslu, skipulags og framkvæmda. Fræðsludagar eru bæði til þess að gera starf okkar faglegra og auðveldara en einnig til þess að efla menningu innan starfsmannahópsins.

- Fræðsla um flogaveiki og sondugjöf.
- Sjúk ást.
- Hinsegin fræðsla.

Starfsfólki Höfuð-Borgarinnar býðst einnig upp á að sækja önnur fræðsluerindi frístundadeildar þar sem starfsfólk félagsmiðstöðva og Molans sækja. Ef þau fræðsluerindi teljast mikilvæg okkar starfi verða starfsmenn hvattir til þess að sækja þær.

10. Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Starfsmenn eru settir upp í starfshófsröð, á bak við nöfnin koma fram hve há prósentu þeirra er í starfi ásamt því hve starfstíll þeirra sé.

- Aldís Lilja Sigurðardóttir, tímavinnustarfsmaður.
- Aron Ingi Laxdal Jónsson, 40% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Aron Rafn Gissurarson, 30% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir, 100% forstöðukona.
- Darri Gunnarsson, 76,20% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Einar Björn Þorgrímsson, 50% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Ellert Sigurðarson, tímavinnustarfsmaður.
- Ísabella Sveinsdóttir, 20% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Laufey Sigríður Guðmundsdóttir, 30% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Malín Örlygsdóttir Smári, 30% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Ragnheiður Bergmann Kjartansdóttir, 56,20% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Sandra Magnúsdóttir, 50% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.
- Tjörvi Picchietti, 40% starfsmaður í sértækri félagsmiðstöð.